

54
8. maí

SAMÞYKKT

um

einkasíma í Skaftártunguhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Símar þeir, er þessi samþykkt nær til, eru: a) Sími frá Flögu að Hrífunesi; b) sími frá Flögu um Hlíð, Gröf, Hvamm, Búland að Skaftárdal (2 býlum). Hliðarálmur að Hemru, Ásum, Svinadal og um Borgarfell að Ljótastöðum, Snæbýli og Búlandsseli.

2. gr.

Símar þeir, sem taldir eru í 1. gr., skulu lagðir svo fljótt, sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símanna skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Búendur á jörðum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., ganga í símafélag, er nefnist einkasímafélag Skaftártunguhrepps og greiðir það kostnað þann, er lagning símanna og viðhald þeirra hefir í för með sér, að frádregnum $\frac{3}{5}$ stofnkostnaðar (og símalínu að Ásum), er landssíminn greiðir samkv. lögum nr. 11, 14. júní 1929, og því viðhaldi, er um getur í næstu grein hér á eftir. Nokkurn hluta þessa kostnaðar greiða félagsmenn, hvað eftir og þeir fá síma lagðan inn í hús sín, allt að 300 kr. Það, sem á vantar til greiðslu stofnkostnaðar, ábyrgist hreppssjóður Skaftártunguhrepps greiðslu á til bráðabirgða, gegn endurgreiðslu síðar frá réttum hlutaðeigendum, eftir nánari ákvæðum hreppsfundar.

4. gr.

Afgreiðslu á síma sínum og bráðabirgða-viðgerðir annast hver búandi á einkasímasvæðinu, er síma hefir, innan takmarka ábúðarjarðar sinnar. Þó má með fundarsamþykktum jafna slíkum viðgerðum öðruvísi á milli félagsmanna, ef sérstök ástæða þykir til, svo sem ef viðhald það, er hér um ræðir, þykir verða sérstaklega mikið innan einnar landareignar öðrum fremur.

5. gr.

Félagið skal eiga með sér aðalfund árlega síðla vetrar. Á fundi, er gengið verður frá samþykkt þessari til fullnustu, skal kosin þriggja manna stjórn fyrir félagið. Stjórnin er kosin til þriggja ára, og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti, og kýs aðalfundur mann í stað þess, er úr gengur. Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv.

Afrit af ársreikningunum skal sent landssímastjóra.

6. gr.

Sveitarstjórn Skaftártunguhrepps ábyrgist starfrækslu einkasímanna, eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu vel við haldið.

54
8. maí

7. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum allt að kr. 200.00, er renna í sveitarsjóð Skaftártunguhrepps.

Sérákvæði fyrir Skaftárdalsbæi:

Ábúendur Skaftárdals ganga í einkasímafélag Skaftártunguhrepps, með því skilyrði frá hálfu símafélagsins, að hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps ábyrgist endurgreiðslu til félagsins á öllum kostnaði, er leiðir af lagningu símalínu frá Búlandi að Skaftárdal og ekki greiðist af landssímanum, og viðhaldi þeirrar línu ásamt talfærum.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. maí 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.

S A M Þ Y K K T

um

einkasíma í Hörgslandshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

55
8. maí

1. gr.

Símar þeir, er þessi samþykkt nær til, eru: Símar frá Breiðabólstað um Keldunúp, Múlakot, Hörgsland, Hörgslandskot, Foss III—I, Teygingalæk, Kálfafell og að Rauðabergi, á landssímalínuna (staurana), með inntökum á téðum bæjum. Auk þess hliðarálmur: a) Frá Breiðabólstað að Prestsbakka; b) frá Múlakoti að Hörgsdal; c) frá aðallínunni skemmstu leið að Núpum, m. m.

2. gr.

Símar þeir, sem taldir eru í 1. gr., skulu lagðir svo fljótt, sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símans skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Afgreiðslu á síma sínum, svo og daglegt viðhald og bráðabirgðaaðgerðir